

**Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 6. bekkur  
skólaárið 2019 – 2020**



**Kennari:** Hildur Hauksdóttir, Laufey Erlendsdóttir og Sveinbjörn Pálmi Karlsson

**Tímafjöldi:** 3 tímar á viku í samfélagsfræði, 1 kennslustund í viku í lífsleikni.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Samfélagsfræði Reynsluheimur	<p><b>Markmiðið er að nemandi öðlist hæfni í að:</b></p> <p>gera sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa</p> <p>greina samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu og menningu</p> <p>nota mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni</p> <p>skýra tengsl samfélags og lífsviðhorfa fyrr og nú</p> <p>nota kort og gröf til að afla sér upplýsinga</p> <p>ræða á upplýsandi hátt um tímabil, atburði og persónur,</p>	<p>Landafræði; Norðurlönd (haust): Kennslan byggist á lestri, umræðum og verkefnavinnu í tímum ýmist sjálfstætt eða í hóp.</p> <p>Fjallað um Norðurlöndin og einkenni þeirra. Nemendur eru þjálfaðir í að nota kortabækur og afla upplýsinga úr þeim.</p> <p>Saga; Snorra saga (vor): Snorra saga er lesin, rædd og verkefni unnin úr henni.</p>	<p>Námsmat að hausti byggist á könnunum eftir hvern kafla, vinnubók, ástundun og iðni metin.</p> <p>Námsmat að vori byggist á Könnunum, vinnubók og ástundun metin.</p>

<p>sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu</p> <p>velta fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum</p> <p>lýsa einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti</p> <p>draga upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar</p> <p>greina hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum</p> <p>metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð</p> <p>séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni</p>		
--	--	--

<p>Hugarheimur - Sjálfsmynd</p>	<p>Nemendur geti: Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.</p> <p>Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.</p> <p>Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.</p> <p>Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.</p> <p>Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</p> <p>Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.</p> <p>Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</p>	<p>Spjall í kennslustundum um hin ýmsu málefni daglegs lífs, hópefli, klípusögur o.fl.</p>	<p>-þátttaka í umræðum -virkni í kennslustundum</p>
<p>Félagsheimur - Samskipti</p>	<p>Nemendur geti: Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</p>	<p>Umræður í kennslustundum um ýmis málefni daglegs lífs, jafnvel tengt nærsamfélaginu, iog mismunandi skoðanir ræddar.</p>	<p>-þátttaka í umræðum -verkefni -sjálfsmat</p>

	<p>Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</p> <p>Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.</p> <p>Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</p> <p>Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.</p> <p>Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</p> <p>Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</p> <p>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</p> <p>Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.</p>		
<p><b>Námsgögn: Saga og landafræði:</b>  Norðurlönd, Norðurlönd verkefnabók, Kortabók. Snorra saga, vinnuhefti.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b></p>			

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Lokaeinkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D